Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Keflavík
Sími 92-3100

STJÓRN SKÓLANEFNDAR FS

Fundur í stjórn skólanefndar Fs, haldinn á skrifstofu skólameistara mánudaginn 11. maí 1987 hófst kl. 17.
Mættir voru: Guðmundur Björnsson, Hilmar Þór Hilmarsson, Bogi Hallgrímsson, Ingólfur Halldórsson og Hjálmar Árnason.

1. Formaður upplýsti að Jóhann Bergmann yrði fulltrúi Keflavíkurbæjar í húsþróunarnefnd. Bogi kvað Halldór Yngvarsson verða fulltrúa Grindvíkinga. Hilmar verður fulltrúi Njarðvíkurbæjar.

2. Skólameistari greindi frá því að Sparisjóður Keflavíkur útvegaði fjármagn til viðbyggingar. Íslenskir aðalverktakar færa fé til þess. Óskað hefði verið eftir kr. 18 milljónum.

3. Skólameistari greindi frá niðurstöðum Flugmálastjórnar um að flugliðabraut verði flutt inn í H.Í. haustið 1988 en FS taki inn síðasta námshópinn á framhaldssskólastigi haustið 1987.

4. Jóhann Bergmann kom á fundinn. Formaður greindi frá aðdraganda að skipan húsþróunarnefndar. Rætt um verkefni nefndarinnar og samþykkt að nefndin stefni að því að skila niðustöðum um mánaðarmótin sept./okt. 1987.

Hjálmar Árnason skráði.